


AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Bárðarlaug í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt næsta nágrenni, og er hér um náttúruvætti að ræða.

Mörk náttúruvættisins eru:

Að norðvestan ræður þjóðvegur. Að norðaustan ræður vegur að Hellnum frá þjóðvegi að Björnsdys. Frá Björnsdys lína í norðvesturhorn Fornu-Laugarbrekkutúns. Þaðan bein lína um suðvesturodda Laugarvatns að þjóðvegi.



Um náttúruvættið gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé snyrtilega gengið um.
2. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð.
4. Á svæðinu má hvorki skerða gróður né raska jarðmyndunum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

25. júlí 1980.

Nr. 446.

AUGLÝSING

um umferð á Húsavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur, er samþykktar voru á fundum bæjarstjórnarinnar 17. janúar og 3. júlí 1980 er hér með ákveðið eftirfarandi um umferð á Húsavík:

1. Umferðarmerki A II skal sett upp á Ásgarðsveg við göngubrú yfir Búðará og jafnframt skal sett upp merki B 3 við brúna, svo og þrenging á brúna til að hindra akstur vélknúinna ökutækja yfir hana.
2. Bifreiðastöður skulu bannaðar í Laugarbrekku norðanverðri.
3. Ásgarðsvegur skal hafa aðalbrautarétt með biðskyldu fyrir vegi að Melalyftu (skíðatogbraut á Melnum).
4. Sett skal upp skilti við heimkeyrslu að barnaskólanum, sem bannar umferð óviðkomandi ökutækja um skólalóðina.
5. Sett skal upp merki, er takmarkar bifreiðastöður við 30 mínútur á bifreiðastæðinu við Skóbúð Húsavíkur.
6. Settar skulu upp stikur með endurskinsmerkjum sjávarmegin á Mararbraut.
7. Sett skal upp merki, er bannar bifreiðastöður að austanverðu við Garðarsbraut og Héðinsbraut frá Vallholtsvegi norður að Höfðabrekku.
8. Sett skal upp biðskyldumerki við gatnamótin Laugarbrekka—Héðinsbraut að austanverðu.
9. Sett skal upp biðskyldumerki í stað stöðvunarskyldumerkis á gatnamótin Þverholt—Stangarbakkí.
10. Höfðavegur skal gerður að tvístefnuakstursgötu, utan þess að bannað verður að aka niður Sneiðinginn hjá Véladeild K. Þ. (niður = austur).

Bæjarfógetinn á Húsavík, 22. júlí 1980.

Sigurðar Gizurarson.